



Verklagsreglur um framkvæmd útboða og verðkannana vegna kaupa Íslandsbanka á upplýsingatækniþjónustu

Með sátt Reiknistofu bankanna hf. (RB) og hluthafa félagsins við Samkeppniseftirlitið, dags. 11. maí 2012, skuldbatt Íslandsbanki sig til að undirgangast ítarleg skilyrði sem meðal annars er ætlað að vinna gegn því að starfsemi RB og háttsemi hluthafa í henni hamli samkeppni á upplýsingatækniþjónustu. Sáttin er birt í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris.*

Með sáttinni hefur Íslandsbanki skuldbundið sig til að setja verklagsreglur um framkvæmd útboða og verðkannana vegna kaupa bankans á upplýsingatækniþjónustu í þeim tilvikum þegar RB er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum. Verklagsreglunni er ætlað að tryggja það að Íslandsbanki leiti ávallt hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu, hvort heldur er nýju einstöku verkefni eða þjónustusamningi, eða endurnýjun fyrri rekstrar- eða þjónustusamninga tengdum upplýsingatækni. Ennfremur að jafnræðissjónarmiða verði gætt við val á þátttakendum í verkefnum hjá bankanum og að ekki verði gripið til neinna ráðstafana, með beinum eða óbeinum hætti, sem ætlað er á ómálefnalegan hátt að tryggja einum viðsemjanda verk á kostnað annarra.

Íslandsbanki lætur fara fram útboð eða vandaða verðkönnun á kaupum á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið þessara reglna. Þar skal leitað að hagkvæmstu lausn fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Liggi fyrir að enginn annar en RB geti veitt umbeðna þjónustu er heimilt að falla frá útboði eða verðkönnun. Íslandsbanki heldur skrá um slík tilvik.

Samningar um kaup á upplýsingatækniþjónustu, sem fellur undir gildissvið þessara reglna eru lengst gerðir til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma lýkur, enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

Verðkannanir

Við kaup Íslandsbanka á upplýsingatækniþjónustu er að meginstefnu notast við verðkannanir.

Þegar verðkönnun er beitt við innkaup skal útbúin þarfalýsing sem tilgreinir þá þætti sem lagðir verða til grundvallar við val á seljanda. Seljendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði. Annars vegar skilyrði sem tengjast seljandanum sjálfum s.s. fjárhagsleg staða, reynsla, menntun, verktrygging eða annað sem nauðsynlegt er til að gæðatryggja verkefnið. Hins vegar skilyrði sem tengjast viðkomandi verkefni eða þjónustu s.s. gæðum, verði, tæknilegum atriðum, notagildi, umhverfiseiginleikum, rekstrarkostnaði, kostnaðarhagkvæmni, tæknilegri aðstoð, eftirþjónustu og afhendingartíma. Í þarfalýsingu skulu þeir þættir tilgreindir sem Íslandsbanki telur sérstaklega mikilvæga fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu.



Eftirfarandi upplýsingar þurfa að lágmarki að koma fram í verðkönnun:

- Kröfulýsing/þarfagreining – lýsing á verkefni
- Almenn skilyrði sem seljandi þarf að uppfylla
- Skilyrði sem tengjast viðkomandi verkefni eða þjónustu
- Staðalskilmálar Íslandsbanka
- Trúnaðaryfirlýsing Íslandsbanka
- Upplýsingar um tengilið Íslandsbanka
- Mat á hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Tímafrestur varðandi hvenær og hvert svari við fyrirspurn skuli skilað
- Lýsing á gögnum sem skal skilað með svari við fyrirspurn

Útboð

Sé verðkönnun ekki beitt getur Íslandsbanki staðið fyrir opnum eða lokuðum útboðum. Útboð og skilmálar þeim tengdum skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Framkvæmd útboða skal vera í samræmi við lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993.

Útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í útboðsgögnum:

- Kröfulýsing/þarfagreining – lýsing á verkefni
- Almenn skilyrði sem seljandi þarf að uppfylla
- Skilyrði sem tengjast viðkomandi verkefni eða þjónustu
- Staðalskilmálar Íslandsbanka
- Trúnaðaryfirlýsing Íslandsbanka
- Upplýsingar um tengilið Íslandsbanka
- Mat á hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Tímafrestur bjóðenda til að koma með athugasemdir
- Tímafrestur hvenær og hvert tilboðum skal skilað
- Tilboðsblað eða lýsing á hvaða gögnum skal skilað með tilboði
- Hvernig tilboðum skuli skilað
- Hvar og hvenær tilboð eru opnuð.

Tengiliður Íslandsbanka

Tengiliður Íslandsbanka vegna útboða eða verðkannana vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu er deildarstjóri rekstrarsamninga Íslandsbanka, s. 440-4000.



Verklagsregla um framkvæmd verðkannana og útboða vegna kaupa Íslandsbanka á upplýsingatækniþjónustu.

